

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-53/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi telur að gagnaðili hafi gefið henni rangar upplýsingar þegar hún keypti bifreið fyrir milligöngu gagnaðila. Kefst álitsbeiðandi þess að kaupunum á bifreiðinni verði rift.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. júlí sl., gaf kærunefndin gagnaðila kost á andsvörum og bárust þau hinn 14. júlí. Með bréfi, dags. 14. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þau hinn 28. júlí. Með bréfi, dags. 4. ágúst, var gagnaðila gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 7. ágúst. Með bréfi, dags. 18. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og bárust þær hinn 27. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 17. desember 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 fyrir kr. 920.000. Var bifreiðin af gerðinni Ford Fiesta Trend, árgerð 2007, fyrst skráð 18. september 2007 og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 46.000 km. Seljandi bifreiðarinnar var einkahlutafélagið Z. Nefndur gagnaðili, Y, hafði milligöngu um kaupin.

Álitsbeiðandi segir að við kaupin hafi hún fengið þær upplýsingar frá gagnaðila að einungis tveir aðilar hefðu átt umrædda bifreið á undan sér; eldri hjón og ungur maður sem væri nú að selja bifreiðina. Segir álitsbeiðandi jafnframt að gagnaðili hafi kynnt bifreiðina sem einstakt eintak og að gagnaðili teldi sig heppinn að vera með bifreiðina á sölu. Þá væri bifreiðin algerlega óslitin. Í janúar 2015 fór álitsbeiðandi með bifreiðina í smurningu en þá kom í ljós að bifreiðin hafði ekki verið smurð í lengri tíma og að gormur að framan var slitinn. Í mars 2015 fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði til að athuga með bremsur, sem virkuðu illa. Þá kom í ljós að gúmmí á hurð var ónýtt og listi brotinn inni í hurðinni. Í maí 2015 datt hluti af stuðara bifreiðarinnar af. Í verkstæðisheimsókn í kjölfar þessa kom í ljós að öxulhosa var ónýtt, ásamt dempara, demparalegu og demparahlíf að framan. Eins kom í ljós að flestar plasthlífur undir bifreiðinni voru brotnar og slöngur fyrir kælingu á stýrisvökva ekki af upphaflegri gerð. Telur álitsbeiðandi að ekki fari á milli mála að bifreiðin hafi orðið fyrir miklu hnjaski fyrir kaupin og að því hafi verið haldið leyndu fyrir álitsbeiðanda. Þá hafi komið í ljós að sex aðilar áttu bifreiðina áður en álitsbeiðandi keypti hana. Hinn 10. júní 2015 var enn farið með bifreiðina á verkstæði. Þar komi í ljós að heddþakning var farin og að skipta þyrfti um kæslöngu í sjálfskiptingu, þar sem slangan var ekki frá framleiðanda bifreiðarinnar. Veltir álitsbeiðandi upp þeirri spurningu hvort af hverju skipt hafi verið um kæslönguna úr því að bifreiðin hafi átt, skv. bifreiðasala, að vera í toppstandi og aldrei lent í

tjóni. Segir álitseiddandi einnig að bifreiðasalinn hafi sagt að um einstakt eintak væri að ræða sem aðeins hefði verið í eigu eldri hjóna.

Krefst álitseiddandi þess fá bifreiðina endurgreidda ásamt þeim kostnaði sem hún hafi lagt út fyrir vegna þeirra röngu upplýsinga sem veittar hafi verið við kaupin. Telur álitseiddandi engan vafa leika á því að bifreiðasalinn hafi veitt rangar upplýsingar um bifreiðina og fyrri eigendur hennar.

Meðfylgjandi álitseiddni er afrit af kaupsamningi og afsali ásamt afriti af reikningum vegna sex viðgerða á bifreiðinni, dags. 15. janúar 2015 að fjárhæð 13.834, 16. janúar 2015 að fjárhæð kr. 34.565, 26. mars 2015 að fjárhæð kr. 2.274, 8. maí 2015 að fjárhæð kr. 5.211, 26. maí að fjárhæð kr. 3.985, 25. júní að fjárhæð kr. 142.597. Þá fylgir álitseiddni afrit af ferli bifreiðarinnar úr ökutækjaskrá.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur m.a. fram að gagnaðili telji að við kaupin hafi álitseiddandi fengið afhent skýr gögn um umrædda bifreið sem og eigendaferil hennar og tjóna- og slysaferil. Þau gögn hafi álitseiddandi síðan undirritað. Þá bendir gagnaðili á að hann sé aðeins milligönguaðili milli álitseiddanda og seljanda bifreiðarinnar.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör gagnaðila

Í athugasemdum álitseiddanda við andsvör gagnaðila kemur m.a. fram að álitseiddandi segir að gagnaðili hafi sagt henni að búið væri að söluskoða bifreiðina og að hún væri í toppstandi. Þá rekur álitseiddandi að hún hafi undirritað skjöl vegna kaupanna í góðri trú en aldrei hafi henni verið kynnt eigendaferill bifreiðarinnar eða nokkrir pappírar sérstaklega kynntir fyrir henni. Þá tekur álitseiddandi fram að hún hafi aldrei verið í samskiptum við seljanda bifreiðarinnar, aðeins bifreiðasalann, þ.e. gagnaðila.

VI

Frekari andsvör gagnaðila

Í frekari andsvörum gagnaðila kemur m.a. fram að hann telji rétt að kærunefndin bendi fólki á að þegar keyptar séu gamlar bifreiðar geti þær bilað. Eins að kaupendur verði að skoða bifreiðar fyrir kaup. Eins bendir gagnaðili á að álitseiddandi hafi undirritað öll skjöl skilmerkilega en segist nú ekki kannast við þær upplýsingar sem þar komi fram.

VII

Frekari athugasemdir álitseiddanda

Í frekari athugasemdum sínum við athugasemdir álitseiddanda vísar álitseiddandi aðeins til fyrri athugasemda sinna í málinu, ásamt afriti af reikningum vegna frekari viðgerða á hinni umdeildu bifreið.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í kaupsamningi og afsali um umrædda bifreið kemur fram að kaupandi hennar sé álitseiddandi, en seljandi sé Z. Álitseiddandi hefur ekki kosið að beina kröfum sínum að þeim

aðila, heldur aðeins að gagnaðila, sem er bifreiðasala sú er hafði milligöngu um kaupin. Er rétt að taka fram að ritari kærunevndarinnar setti sig sérstaklega í samband við álitsbeiðanda þegar hún leitaði upphaflega til kærunevndarinnar, til að ganga úr skugga um hún vildi aðeins beina kröfum sínum að bifreiðasalanum.

Í skilmálum kaupsamnings og afsals vegna sölu á bifreiðinni xx-000 kemur fram að gagnaðili sé aðeins milliliður í viðskiptunum og ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans. Kærunevndin telur ljóst að kröfu álitsbeiðanda á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup, um riftun bifreiðakaupanna verði því ekki beint að nefndum gagnaðila. Slíkri kröfu verði að beina að seljanda bifreiðarinnar. Að þessum sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda. Rétt er þó að benda á að álitsbeiðandi gæti mögulega beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar, Z, án þess þó að hér sé tekin afstaða til þess hvort riftunarkrafa hennar næði fram að ganga gagnvart þeim aðila.

Ágreiningur álitsbeiðanda og gagnaðila hins vegar snýr að mestu að því að álitsbeiðandi telur að gagnaðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. t.a.m. IV. kafla laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, en þar er kveðið á um skyldur bifreiðasala við störf sín. Fellur það utan við valdsvið kærunevndarinnar að taka afstöðu til þess hvort vinnubrögð gagnaðila hafi verið í andstöðu við ákvæði þeirra laga. Skv. 19. gr. laganna fara sýslumenn með eftirlit með stafsemi bifreiðasala.

IX Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir